

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 22. júní 2021
UST202106-011/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulagi - fiskeldisstöð Rifóss á Röndinni, Kópaskeri

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 1. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir fiskeldisstöð Rifóss á Röndinni, Kópaskeri.

Í greinargerð kemur fram að breytingartillagan feli í sér sameiningu og stækkun byggingarreita auk þess sem gert er ráð fyrir að byggja megi hús með allt að 11,2 m vegg hæð og 14,2 m mænishæð á kerjapöllum. Gert er ráð fyrir að byggja megi allt að 800 m² þjónustuhús innan byggingarreits A1. Að auki eru felldir út skilmálar um fjölda og stærð fiskeldiskerja innan hvers byggingarreits.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun vísar í fyrri umsagnir um deiliskipulag¹ og tillögu að matsáætlun fyrir fiskeldisstöðina² og bendir á að svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til nefnist Röndin við Kópasker, Öxarfjarðarhreppi og er númer 537 á náttúruminjaskrá Náttúrufræðistofnunar Íslands. Svæðinu er lýst sem jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið). Þar er sjávarset með skeljum og jökulruðningi og þar eru einnig minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hugað sé að því að halda raski á náttúruminum sem rýra verndargildi svæðisins í lágmarki.

Stofnunin vill einnig benda á að framkvæmdarsvæðið er á svæðinu Melrakkaslétta sem er á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) að framkvæmdaáætlun (B-hluta) vegna þeirra ferskvatnsvistgerða, fjöruvistgerða og fugla sem þar eru. Samkvæmt heimasíðu NÍ segir að svæðið er alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir æður, ritu, kríu, álku, lóm og himbrima á varptíma og á fartíma fyrir rauðbrysting, sanderlu, sendling og tildru. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að allar framkvæmdir á svæðinu séu utan varptíma.

B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Umhverfisstofnun bendir á að tillögur á B-hluta framkvæmdaráætlunarinnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra

¹ [Tillaga - breyting á aðalskipulagi Norðurþings og nýtt deiliskipulag - Röndin á Kópaskeri.pdf \(ust.is\)](#)

² [UMÁU TAM Röndin Kópaskeri stækkun undirritað.pdf \(ust.is\)](#)

hagsmunaaðila áður en tillögurnar eru lagðar fyrir Alþingi. Stofnunin telur mikilvægt að þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði séu hafðar til hliðsjónar þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar tillögur á B-hluta framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár verða samþykktar af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillögurnar ná til.

Sjónræn áhrif

Samkvæmt greinargerð eru sjónræn áhrif talin helstu umhverfisáhrif breytingarinnar. Þá verður form bygginga óbreytt og veggfletir hafðir í brúnum, gráum, grænum eða öðrum náttúrulegum tónum til að mannvirki falli sem best að landslagi. Umhverfisstofnun tekur undir það og vísar í 69. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og bendir á að við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þess hvort að við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja sé þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.

Fráveitulögn

Á deiliskipulagsupprætti má sjá hvar fráveitulögn skal liggja. Umhverfisstofnun minnir á 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur þar sem kveðið er á um að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Stofnunin telur æskilegt að deiliskipulagsmörkin nái til allrar fráveitulagnarinnar. Að auki vill stofnunin benda á mikilvægi þess að frárennislögnin sé lögð þar sem hún hefur sem minnst áhrif á sjávarbakka og rýri ekki verndargildi þeirra.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við ofangreinda tillögu að breytingu á deiliskipulagi.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur